

FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 23. mars 2006 kom hreppsnefnd Kelduneshrepps saman til fundar í Skúlagarði að boði oddvita.

Mættir voru: Katrín Eymundsdóttir
 ◦ Guðmundur Héðinsson
 Freyja Ingólfssdóttir
 Ólöf Sveinsdóttir
 Aðalsteinn Ö. Snæþórsson
Fundarritari Guðmundur Þórarinnsson

Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna, síðan var gengið til dagskrár.

1. Umsögn Kelduneshrepps um mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar samkvæmd 22.gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun hefur með bréfi frá 6. mars óskað eftir umsögn hreppsnefndar Kelduneshrepps um mat á umhverfisáhrifum vegna Dettifossvegar.
“Hreppsnefnd Kelduneshrepps telur að fyrirbyggjandi frummatsskýrsla frá Veghönnunardeild Vegagerðarinnar á Akureyri sé fullnægjandi og hefur engu við hana að bæta.
Hreppsnefnd Kelduneshrepps tekur ekki afstöðu til einstakra veglína að svo stöddu.”
2. Breyting á aðalskipulagi Kelduneshrepps vegna Dettifossvegar, flutnings golfvallar í Ásbyrgi og svæðis austan verslunarinnar í Ásbyrgi.
“Vegagerðin fyrirhugar að leggja nýjan veg, Dettifossveg, milli Hringvegur og Norðausturvegur vestan Jökulsár á Fjöllum.
Við umhverfismatsferlið kom í ljós að breyta þarf aðalskipulagi Kelduneshrepps vegna Dettifossvegar. Vegagerðin óskar eftir að aðalskipulag Kelduneshrepps verði breytt.

Samkv. beiðni Kelduneshrepps hefur Tækniþing ehf á Húsavík unnið tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps vegna nýs Dettifossvegar.

Það er álit sveitarstjórnar Kelduneshrepps – eftir símtal við Skipulagsstofnun – að um sé að ræða “óverulega breytingu á aðalskipulagi” sem á að taka til meðferðar skv. 2.mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Sveitarstjórn Kelduneshrepps samþykkir því ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi og sendir hana Skipulagsstofnun til afgreiðslu. Jafnframt lýsir sveitarstjórn því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Ekki liggja fyrir tillögur vegna aðalskipulags golfvallar og svæðis austan verslunar, því er þeim hluta dagskrár frestað.

3. Styrkur til Orkuveitu Húsavíkur vegna rannsóknarborunar eftir heitu vatni í Kelduhverfi.

Í framhaldi af bókun síðasta fundar leggur oddviti til að hreppurinn leggi fram 1,5 m.kr. til viðbótar við áður veittan styrk til þessa verkefnis. Samþykkt með fyrirvara um samþykki sveitastj. Húsavíkurbæjar, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps.

4. Skólastjórabústaður. Framhald frá síðasta fundi. Hreppsnefnd ákveður að selja ekki skólastjórabústaðinn að svo stöddu, en auglýsa hann til leigu í 6 mánuði frá 15. apríl til 15. október 2006. Ólöf vék af fundi undir þessum dagskrárlið.
5. Fundargerð Gljúfranefndar frá 9., mars s.l. lögð fram til kynningar.
6. Önnur mál.
 - a. Erindi frá Héraðsnefnd
Á Héraðsnefndarfundi þann 1. mars 2006 var samþykkt að dreifa rekstrarhalla Héraðsnefndar á sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda og er hlutur Kelduneshrepps 2,3% eða kr. 300.196,-. Hreppsnefnd samþykkir þessa afgreiðslu málsins.
 - b. Erindi frá Raufarhafnarhreppi til sveitastjórna Öxarfjarðarhrepps, Kelduneshrepps og Húsavíkurbæjar.
“Sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps óskar eftir heimild til að kaupa húsnaði að Höfðabraut 1, Raufarhöfn. Húsnaðið kemur til með að hýsa áhaldahús hreppsins, slökkvibíl og sjúkrabíl. Hreppsnefnd samþykkir þetta erindi.
 - c. Bréf frá Félagsmálaráðuneyti.
“Ráðuneytið hefur hinn 20.mars 2006 staðfest sameiningu Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps í umdæmi sýslumannsins á Húsavík í eitt sveitarfélag sbr. meðfylgjandi auglýsingu.”

Fleira ekki fært til bókar.
Fundargerð lesin og samþykkt.
Fundu slitið.